

Staðfesting á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð hjónanna Ingibjargar Sumarliðadóttur og Karls Guðmundssonar frá Valshamri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. október 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð hjónanna Ingibjargar Sumarliðadóttur og
Karls Guðmundssonar frá Valshamri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjónanna Ingibjargar Sumarliðadóttur og Karls Guðmundssonar frá Valshamri í Geiradal.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 31. júlí 1978. Stofnframlag er kr. 300 000 frá hjónunum Ingibjörgu Sumarliðadóttur og Karli Guðmundssyni og kr. 400 000 frá Kaupfélagi Króksfjarðar. Tekjur sjóðsins verða: a, vextir, b, aðrar tekjur.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja þá sem hefja búskap, eða bændur sem verða fyrir stóráföllum á félagssvæði Kaupfélags Króksfjarðar.

4. gr.

Stjórn Kaupfélags Króksfjarðar og framkvæmdastjóri þess skulu hafa með höndum stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.

5. gr.

Halda skal gjörðabók fyrir sjóðinn og skal færa í hana ákvarðanir sjóðsstjórnar.

6. gr.

Sjóðsstjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fáanlegum kjörum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu endurskoðendur Kaupfélags Króksfjarðar endurskoða reikninga hans.

7. gr.

Sjóðsstjórn skal ákveða hvenær úthlutun hefst úr sjóðnum. Þó má ekki úthluta úr sjóðnum fyrr en sjóðsupphæðin hefur náð einni milljón króna. Höfuðstól má ekki skerða.

8. gr.

Ef kaupfélag Króksfjarðar hættir starfsemi af einhverjum ástæðum skal sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu taka við stjórn sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, er fram líða stundir með einróma vilja sjóðs-
stjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. október 1978.

Nr. 393.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu,
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. október 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Erlusjóður.

Stofnendur sjóðsins eru börn Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins eru öll hugverk Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Allar greiðslur sem koma inn fyrir flutning á verkum skáldkonunnar, ljóðum,
lögum og lausu máli.
- b. Greiðslur, sem kunna að koma fyrir útgáfu á verkum hennar, jafnt endur-
útgáfur, sem frumútgáfur á áður óbirtu.
- c. Hugsanlegar gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til hverskonar líknar- og menningarmála.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu jafnan skipa 3 afkomendur Guðfinnu Þorsteinsdóttur,
ættmenn þeirra eða makar. Heimilt er stjórnarnefndarmanni, sem lætur af starfi,
að velja annan í sinn stað, að öðrum kosti ræður meirihluti sjóðsstjórnar vali
nýs nefndarmanns.

6. gr.

Reiknisár sjóðsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Stjórn sjóðsins skal fela lögmanni eða löggiltum endurskoðanda endurskoðun
reikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir minningarsjóð
um Erlu skáldkonu er staðfest var í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 22. mars
1977 og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 192.